

Kennsluáætlun í stærðfræði skólaárið 2022-2023

1.-3. bekkur

Kennsluáætlun þessi tekur mið af hæfniviðmiðum sem fram koma í Aðalnámskrá Grunnskóla (sjá mentor).

Kennari: Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir

Námsefni og leiðir: Stærðfræðikennsla í 1.-3. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðunum sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Unnið er markvisst með samskipti og samvinnu nemenda í öllum námsgreinum.

Námsefni sem stuðst er við:

- Stærðfræðibækurnar Sproti a og b ásamt æfingahefti
- Gyldendahl
- Ýmis spil
- Leikir
- Efni frá kennara
- Fjölbreytt hlutbundin gögn eins og teningar, kennslupeningar, sentíkubbar, reglustikur, vog o.fl.
- Rafrænt efni/Öpp

Einnig er unnið með fjölbreyttar bækur sem geta nýst í stærðfræðikennslu eins og t.d. bækurnar, Dúndur strákurinn, Ljósinn í blokkinni, Safnið mitt og Stuð á stærðfræðisýningu ásamt verkefna heftum sem tengjast efni bókana. Markmið með notkun þeirra er að tengja stærðfræði við daglegt líf.

Kennsluaðferðir: Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á verklegt/hlutbundið nám sem tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Leikir og spil eru mikið nýtt sem kennsluaðferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera stærðfræðina að lifandi námsefni. Prautalausnir og talnavinna þar sem nærsamfélagið er notað. Samvinna og samræður nýttar í lausnaleit. Útikennsla með því markmiði að tengja stærðfræði við daglegt líf og umhverfi nemendanna. Vinna nemenda er fjölbreytt og sem dæmi er; stöðvavinna með fjölbreyttum viðfangsefnum, paravinna, vinnubókavinna, hlutbundin vinna o.fl.

Námsmat: Skriflegar kannanir eftir þörfum. Sjálfsmat og kennaramat út frá markmiðum. Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar